

Forvarnahúsið



FORVARNAHÚSIÐ

Um Forvarnahúsið

Forvarnahúsið er öflugt upplifunar og þekkingarsetur um slysa- og tjónavarnir. Húsið opnaði árið 2006 og er dótturfélag Sjóvá. Eitt helsta hlutverk Forvarnahússins er að miðla upplýsingum og fræða almenning um slysavarnir.

Starfsmenn Forvarnahússins vinna með opinberum aðilum, fyrirtækjum, sveitarfélögum og félagasamtökum að eflingu og samhæfingu slysavarna.

Heilt hús tileinkað forvörnum

Í Forvarnahúsinu er meðal annars tvö **ÖRUGG HEIMILI**. Þar fer m.a. kennsla um öryggi á heimilum fyrir eldri borga og barnafólk. Í húsinu er einnig að finna margvíslegan búnað ætlaðan til kennslu við umferðaröryggi t.d. árekstarvog, beltasleða, veltibíl og öryggisbúnaður fyrir börn í bílum.

Forvarnahús skjóta upp kollinum víðsvegar um heim. Tilgangur þeirra er að færa slysavarnirnar út til fólksins. Forvarnahúsið er meðal annars fyrirmynd fyrir nýju forvarnahúsi í Austurríki.

Námskeið og kynningar

Í Forvarnahúsinu eru haldin námskeið og kynningar fyrir ökunema, nemendur, fyrirtæki, aldraða og foreldra. Mörg fyrirtæki sýna forvörnum vaxandi áhuga og Forvarnahúsið er samstarfsaðili ýmissa fyrirtækja, stofnana og félagasamtaka í forvörnum.

Hluti af innviðum hússins er færanlegur sem opnar þann möguleika að fara með starfsemi Forvarnahússins hvert á land sem er. Lögð er sérstök áhersla á góð tengsl við landsbyggðina þannig að sem flestir landsmenn geti nýtt sér þá þjónustu sem er í boði.

Forvarnahúsið á netinu

Á heimsíðu Forvarnahússins (www.forvarnahusid.is) er að finna aðgengilegar og áreiðanlegar upplýsingar um alla flokka slysavarna fyrir alla aldurshópa. Sérstaklega er hugað að áhættuhópum eða þeim einstaklingum sem mest verða fyrir slysum, s.s. börnum, öldruðum og ungum öikumönnum. Hægt er finna svör við flestum spurningum sem varða barnabílstóla, slysavarnir barna, umferðaröryggi, slys í frítíma, o.fl.

Fyrirtæki og sveitarfélög geta fræðst um áhættumat, öryggisferla og aðra þjónustu sem hefur það að markmiði að fækka slysum og tjónum.

Fjölmiðlar geta nýtt sér fljótfundnar upplýsingar í Fréttavaktinni og fyrir fræðifólk er safn af skýrslum, rannsóknnum og tenglum í Gagnasafninu.

Starfsmenn

Herdís L. Storgaard, forstöðumaður
Herdís er hjúkrunarfræðingur og kennari að mennt. Hún hefur umsjón með barnaslysavörnum og stýrir tilraunaverkefni um slysavarnir aldraðra fyrir Reykjavíkurborg.

Einar Guðmundsson, forstöðumaður
Er kennari að mennt og stýrir umferðaröryggisverkefni Forvarnahússins. Hann sér jafnframt um greiningu á umferðarslysum.

Fjóla Guðjónsdóttir, sviðsstjóri fyrirtækjapjónustu

Fjóla hefur starfað að margskonar forvörnum í rúm 15 ár og er sérfræðiþekking hennar einkum á sviði áhættugreiningar, gæðastjórnunar og öryggismála.